


Rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit

Mat á umhverfisáhrifum Tillaga að matsáætlun



Landsvirkjun

Desember 2008

Skýrsla nr: LV-2008/188

Dags: 2008-12-05

Fjöldi síðna: 26 Upplag: 30 Dreifing: Opin Lokuð til

Titill: Rannsóknaborun í Gjástykki, Þingeyjarsveit, Mats á umhverfisáhrifum, Tillaga að matsáætlun

Höfundar: Mannvit verkfræðistofa

Verkefnisstjóri: Albert Guðmundsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Engir

Útdráttur: Landsvirkjun áformar þriggja rannsóknahola í Gjástykki.


Í tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst og fjallað um umfang og áherslur umhverfismatsins. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í matinu. Jafnframt er tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við matið og hvaða rannsóknir standa yfir eða er fyrirhugað að ráðast í vegna mats á umhverfisáhrifum.

Lykilorð: Gjástykki, Gjástykkisvirkjun

ISBN nr: _____

ISSN nr: _____

Undirskrift verkefnastjóra



Rannsóknaboranir í Gjástykki Þingeyjarsveit

**Mat á umhverfisáhrifum
Tillaga að matsáætlun**



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Mynd á forsíðu: Horft í átt til Hrútafjalla austur yfir Kröflueldahraun í Gjástykki.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
1.1	AÐDRAGANDI.....	1
1.2	MATSSKYLDA FRAMKVÆMDAR OG LEYFI.....	1
1.3	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	1
1.4	NÚLLKOSTUR	3
2	STAÐHÆTTIR OG UMHVERFI	4
2.1	LANDSLAG	4
2.2	JARÐFRÆÐI.....	4
2.3	VATN	5
2.4	LÍFRÍKI	5
2.4.1	Gróður.....	5
2.4.2	Dýralíf.....	5
2.5	VEÐURFAR	6
2.6	NÁTTÚRUVÁ.....	6
2.7	MENNINGARMINJAR	6
3	FRAMKVÆMD	7
3.1	INNGANGUR	7
3.2	BORTEIGUR	7
3.3	BORHOLUR.....	10
3.4	PRÓFUN RANNSÓKNAHOLA	10
3.5	FRAMTÍÐARNÝTING.....	10
4	SKIPULAG OG LANDNOTKUN	12
4.1	STAÐA SKIPULAGS.....	12
4.2	LANDNOTKUN	12
4.3	VERND	14
5	UMHVERFISÁHRIF	15
5.1	AÐFERÐAFRÆÐI OG VIÐMIÐ	15
5.2	TÍMAÁÆTLUN MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM	16
5.3	ÁHRIFASVÆÐI OG ÁHRIFAÞETTIR.....	16
5.4	ÁÆTLUN UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	16
5.4.1	Almennt	16
5.4.2	Landslag	18
5.4.3	Jarðmyndanir	18

5.4.4	Lífríki.....	18
5.4.5	Skipulag og landnotkun.....	19
6	KYNNING OG SAMRÁÐ	20
6.1	TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN	20
6.2	FRUMMATSSKÝRSLA	20
6.3	ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR.....	21
7	GÖGN	23
7.1	RANNSÓKNIR	23
7.2	HEIMILDIR.....	24

MYNDIR

Mynd 1	Yfirlitsmynd sem sýnir meðal annars afmörkun orkuvinnslusvæða til jarðhitavinnslu, aðkomuslóð og rannsóknarsvæði í Gjástykki.....	3
Mynd 2	Fyrirhugað framkvæmdasvæði fyrir allt að 3 rannsóknaholur í Gjástykki. Staðsetning kjarnaholu GR-03 einnig sýnd.	8
Mynd 3	Fyrirhugað svæði undir borteig í Gjástykki. Mynd tekin til suðvesturs. Bíllinn stendur við vegslóðina og til hægri sést holutoppur kjarnaholu GR-03.	9
Mynd 4	Fyrirhugaður borteigur í Gjástykki. Mynd tekin frá Éthólum til austurs.	9
Mynd 5	Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Séruppráttur sem sýnir landnotkun og verndarsvæði.	13
Mynd 6	Athugunarsvæði náttúrufars og fornleifarannsókna í Gjástykki.	17

TÖFLUR

Tafla 1	Athugasemdir og ábendingar við drög að tillögu að matsáætlun og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim.	21
Tafla 2	Yfirlit yfir rannsóknir í Gjástykki 2007 til 2008.	23

TEIKNINGAR

Teikning 1	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði rannsóknaborana í Gjástykki.	27
-------------------	---	----

1 INNGANGUR

1.1 AÐDRAGANDI

Landsvirkjun fyrirhugar rannsóknaboranir í Gjástykki í Þingeyjarsveit. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Landsvirkjun sendi inn fyrirspurn um matsskyldu borunar einnar rannsóknaholu. Ákveðið hefur verið að meta strax umhverfisáhrif af borun þriggja hola á einum borteig þó að ekki sé gert ráð fyrir að bora nema eina rannsóknaholu 2009 (sjá **teikningu 1**).

Áform um borun þriggja rannsóknahola á þessu svæði eru liður í samstarfi Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. um rannsóknir og könnun á virkjunarmöguleikum háhitasvæða á Norðausturlandi, það er á Þeistareykjum, í Kröflu, Bjarnarflagi og Gjástykki, fyrir álver á Bakka við Húsavík eða aðra orkukaupendur. Landsvirkjun, sem er framkvæmdaraðili, hefur rannsóknarleyfi í Gjástykki auk þess sem samið hefur verið við landeigendur um rannsóknar- og nýtingarrétt þess hluta Gjástykkis sem tilheyrir Reykjahlíð. Mannvit hf. er ráðgjafi við mat á umhverfisáhrifum.

1.2 MATSSKYLDA FRAMKVÆMDAR OG LEYFI

Samkvæmt 6. gr. og 2. viðauka, tl. 2 c i, í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, er djúpbörðun og þar með talin borun á rannsóknaholum á háhitasvæðum tilkynningarskyld framkvæmd. Landsvirkjun sendi Skipulagsstofnun fyrirspurn um matsskyldu rannsóknaborunar á sama stað 25. mars 2008. Stofnunin ákvarðaði framkvæmdina matsskylda 16. júlí 2008.

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Rannsóknarleyfi frá iðnaðarráðherra samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Landsvirkjun hefur leyfi til rannsókna á jarðhita í Gjástykki. Leyfið gildir frá 10. maí 2007 til 10. maí 2010.
- Framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið Þingeyjarsveit veitir samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- Starfsleyfi fyrir jarðborun og aðstöðu starfsmanna á borteig. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra veitir leyfið samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, samanber fylgiskjal 2 liði 10.4 og 10.7 ásamt IV. kafla reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Leyfi Fornleifaverndar ríkisins ef hrófla þarf við fornleifum, samkvæmt 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

1.3 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Frumrannsóknir, sem gerðar hafa verið á Gjástykkissvæðinu á vegum Orkustofnunar, Íslenskra orkurannsókna, VGK-Hönnunar (nú Mannvit) og Landsvirkjunar undanfarin ár, benda til þess að virkja megi jarðhita í Gjástykki. Niðurstöður yfirborðsrannsókna, m.a. TEM-viðnámsmælinga og gashitamælinga, benda til að vinnanlegan jarðhita sé þar að finna (Ragna Karlsdóttir o.fl., 2006). Til að skjóta stoðum undir þá

túlkun var einnig boruð 624 m djúp kjarnahola (GR-3) í Gjástykki haustið 2007. Í holunni fundust ummyndunarsteindir, sem eru merki um háan hita í jarðlögum á einhverjum tímapunkti (VGK-Hönnun, 2007). Botnhiti holunnar var 200°C. Til að fá úr því skorið hvort um nýtanlegan jarðhita til vinnslu sé að ræða þarf að bora rannsóknaholur og afla með því nauðsynlegra gagna um eðli jarðhitans í Gjástykki. Ástæða þess að mat á umhverfisáhrifum miðast við allt að þrjár rannsóknaholur er að eiga möguleika á borun annarrar eða jafnvel þriðju holu án þess að tilkynna þær inn sérstaklega ef fyrsta holan gefur tilefni til frekari rannsókna. Rannsóknarsvæði Landsvirkjunar nær til Þingeyjarsveitar, Norðurþings og Skútustaðahrepps (**mynd 1**).

Landsvirkjun í samvinnu við Þeistareyki ehf. rannsakar jarðhita í Gjástykki á grundvelli eftirtalinna samninga, stefnu og leyfa:

- Rannsóknarleyfi útgefið af iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti þann 10. maí 2007.
- Samningar milli landeigenda Reykjahlíðar ehf og Landsvirkjunar, frá 1. nóvember 2005, og milli Þeistareykja ehf. og landeigenda dags. 28. apríl 1999.
- Viljayfirlýsing sem Alcoa, ríkisstjórnin og Norðurþing undirrituðu þann 17. maí 2006 um áframhaldandi rannsóknir á fjárhagslegri hagkvæmni nýs álvers á Norðurlandi með 250.000 t framleiðslugetu á ári. Viljayfirlýsingin fylgir í kjölfar samkomulags frá því í mars 2006 um staðarval fyrir hugsanlegt álver á Bakka við Húsavík. Viljayfirlýsingin kveður á um þá vinnu sem Alcoa, ríkisstjórnin og Norðurþing skuldbinda sig til að fara í svo unnt verði að ná niðurstöðu um hvort Alcoa reisir álver á Bakka (sjá heimasíðu ivr.is). Viljayfirlýsingin var framlengd þann 26. júní 2008 af fulltrúum Alcoa, ríkisstjórnar Íslands og Norðurþings, til 1. október árið 2009. Um er að ræða framlengingu og uppfærslu á fyrri viljayfirlýsingu. Í henni kemur fram að haldið verði áfram þeim verkefnum sem aðilar settu sér árið 2006, áður en lokaákvörðun verði tekin um byggingu álvers á Bakka.
- Viljayfirlýsing Landsvirkjunar, Þeistareykja ehf. og Alcoa, dags. 16. maí 2006, um að kanna og rannsaka háhitasvæðin á Norðausturlandi nægjanlega til þess að unnt verði að taka ákvörðun um hugsanlega nýtingu þeirra fyrir allt að 250 þúsund tonna álver á Bakka við Húsavík. Viljayfirlýsingin var endurnýjuð þann 26. júní 2008. Meðal annars vegna óvissuástands á fjármálamörkuðum er það sameiginleg niðurstaða fyrirtækjanna að fresta rannsóknaborunum um sinn, sem þýðir að ákvörðun um framhald borana mun bíða fram til haustsins 2009. Viljayfirlýsing Landsvirkjunar og Alcoa rann út nú um mánaðamótin október/nóvember. Fyrirtækin munu engu að síður hafa náði samband og samráð um framvindu mála með það að leiðarljósi að framlengja viljayfirlýsinguna og halda verkefninu áfram þegar aðstæður leyfa. Framangreind viljayfirlýsing milli ríkisstjórnar, Norðurþings og Alcoa stendur óbreytt og það sama gildir um viljayfirlýsingu milli Landsnets og Alcoa.

Landsvirkjun, Alcoa, Þeistareykir ehf. og Landsnet munu vinna áfram við mat á umhverfisáhrifum verkefnanna; orkufyrirtækin við mat á umhverfisáhrifum rannsóknaborana og virkjana á Kröflu- og Þeistareykjasvæðinu, Alcoa við mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka og Landsnet vegna flutningslína. Þessi vinna er liður í endanlegu mati á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda og sameiginlegu mati á þeim.

- Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, sem var staðfest af umhverfisráðherra 16. janúar 2008.

Samkvæmt stefnu viðkomandi sveitarfélaga verður Gjástykki aftast í framkvæmdaröð jarðhitavirkjana í Þingeyjarsýslum. Í fyrstu verður lögð áhersla á rannsóknir þar, þar með taldar rannsóknaboranir. Ekki verður virkjað í Gjástykki nema hin svæðin gefi ekki nægjanlega orku fyrir starfsemi og atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum (Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007).



Mynd 1 Yfirlitsmynd sem sýnir meðal annars afmörkun orkuvinnslusvæða til jarðhitavinnslu, aðkomuslóð og rannsóknarsvæði í Gjástykki.

1.4 NÚLLKOSTUR

Í frummatsskýrslu verður fjallað um núllkost, það er að bora ekki rannsóknaholur í Gjástykki.

2 STADHÆTTIR OG UMHVERFI

Yfirborðsrannsóknir á jarðhitasvæðinu í Gjástykki hafa farið fram undanfarin ár. Samkvæmt hvítbók iðnaðarráðuneytisins (1994) er áætlað afl svæðisins til raforkuvinnslu 70 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma 560 GWh/ári, miðað var við að jarðhitasvæðið væri um 7 km² að flatarmáli. Samkvæmt túlkun TEM-viðnámsmælinga er jarðhitasvæðið talið ná yfir um 10 km² (Ragna Karlsdóttir o.fl., 2006).

2.1 LANDSLAG

Gjástykkisbunga er lítil dyngja milli Hrutafjalla og Sandmúlahaða og sú eina sem örugglega hefur gosið innan Kröflukerfisins. Gjástykki er sigdalur, sem liggur yfir miðja Gjástykkisbungu, og er að hluta til þakið ungum hraunum (Kristján Sæmundsson, 1991). Í Gjástykki eru Hrutafjallahitur og Hituhólar, en norður af þeim er sigdalurinn áberandi á 4-5 km kafla þar sem gjáveggir beggja megin dalsins eru allt að 20 m háir. Svæðið er í 400-500 m h.y.s. og vel aðgengilegt til vinnslu. Yfirborðsmerki jarðhita í Gjástykki er einkum að finna suðaustur af Éthólum.

Gjástykki er einkum þekkt af gjánum sem þar eru mjög ráðandi í landslagi. Í Kröflueldum rann hraun yfir syðsta hluta Gjástykkis og nær kolsvart hraunið norður fyrir Hituhóla. Jarðmyndanir í Gjástykki eru móberg og bólstraberg í hólum og smáfellum og allt umhverfis eru hraun af ólíkum uppruna og aldri (Kristján Sæmundsson, 2008).

2.2 JARÐFRÆÐI

Eftirfarandi umfjöllun er varðar jarðfræði rannsóknarsvæðis Landsvirkjunar í Gjástykki byggir á greinargerð Kristjáns Sæmundssonar með jarðfræði- og jarðhitakortum sem unnin voru fyrir Landsvirkjun (Kristján Sæmundsson, 2008).

Tvö móbergsfell eru í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Gjástykki. Annað þeirra eru Hituhólar. Hitt fellið er Snagi í Gjástykki miðju, sunnan við Hituhóla. Snagi varð illa úti í Kröflueldum, lækkaði og minnkaði til muna er hraun rann kringum og yfir hann vestast og misgengi tóku sig upp.

Hraun í Gjástykki eru af tvennum toga, annars vegar dyngjuhraun og hins vegar sprunguhraun. Aldursmunur er mikill á þessum hraunum. Dyngjuhraunin eru frá lokum ísaldar, en sprunguhraunin um 10.000 árum yngri. Dyngjuhraunin eru tvö. Það eldra er frá Gjástykkisbungu. Hraunið myndar tvo fláka sitt hvorum megin við aðalsigdældina, það er austur við Hrutafjöll og suðvestur af Hituhólum. Breið skák af því fór undir Kröflueldahraunið vestur og suðvestur af Hrutafjöllum. Smáskikar standa þar upp úr Kröflueldahrauninu. Einn af þeim er sjálfur gígurinn í hvirfli dyngjunnar. Einu hverirnir sem eru virkir í Gjástykki eru rétt vestan við þennan gíg. Í greinargerð Kristjáns Sæmundssonar og Magnúsar Ólafssonar (2004) um rannsóknir í Fremrinámum og Gjástykki sumarið 2003 kemur fram að á einum stað vestan við dyngjugíginn í Gjástykkisbungu var gufa fast að 100°C og útfelling af hverasöltum og brennisteini. Þar náðist gassýni sem reyndist nothæft til efna-greininga. Niðurstöður á útreiknuðum gashita gefa til kynna að hiti í undirliggjandi jarðhitakerfi geti verið um 280°C.

Hraunið í Gjástykkisbundu er gróið og stórpýft, en klapparbungur berar. Stærstu gjáveggir sem nú sjást eru vestan megin í hrauninu, suður af Hituhólum, þeir hæstu um 20 m. Yngra dyngjuhraunið er upprunið í Stórávíti. Stórávítishraunið er norðan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Sprunguhraunin í Gjástykki eru einnig tvö. Það eldra er kallað Éthólahraun. Það rann í Hverfellseldum fyrir tæpum 3.000 árum. Upptök þess eru í Éthólum, gígaröð vestarlega í Gjástykki. Slóðin yfir Kröflueldahraun liggur skammt norðan við Éthóla. Yngra hraunið rann í Kröflueldum, í fjórum af fimm aðalgoshrinunum. Í þremur þeirra gaus í Gjástykki, fyrst í Snagaborgum (í júlí 1980), næst í Éthólaborgum (í jan.-feb. 1981) og svo í lokahrinunni í september 1984, en þá náði gossprungan norður á mótis við Éthóla en nokkru austar. Í Gjástykki er Kröflueldahraun ýmist slétt helluhraun eða úfið apalhraun. Hrauntraðir liggja norður eftir því, sú lengsta norður frá Éthólaborgum milli Snaga og Hituhóla, um 4 km löng.

2.3 VATN

Ekkert rennandi vatn er að finna á yfirborði í Gjástykki og um 115 m mælast niður á grunnvatnsborð í holum GR-1 og GR-2 (sjá **teikningu 1**). Grunnvatnsstraumar fylgja Kröflu sprungubeltinu til norðurs og kemur grunnvatnið ýmist fram á láglandi í Öxarfirði eða fram í sjó (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2008; Lúðvík S. Georgsson o.fl., 1989).

Rannsóknir á eiginleikum grunnvatns á Öxarfjarðarsvæðinu fór fram á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar (Lúðvík S. Georgsson o.fl., 1989). Sumarið 2006 fór að nýju fram grunnvatnskönnun á svæðinu (Hrefna Kristmansdóttir og Valur Klemensson, 2007).

2.4 LÍFRÍKI

2.4.1 GRÓÐUR

Fyrirhugað framkvæmdasvæði rannsóknaborana í Gjástykki er afar gróðursnautt, sem skýrist einkum af útbreiðslu hrauna frá sögulegum tíma og öðrum eldri. Nýja hraunið frá Kröflueldum er með öllu ógróið (Þorkell Lindberg Þórarinnsson, 2007a).

Svæðið umhverfis Gjástykki er að mestu mólendi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2007).

2.4.2 DÝRALÍF

Dýralíf í Gjástykki er fremur fábrotið enda er svæðið hálent og gróðursnautt. Meðalhitastig ársins á svæðinu er á milli -2 til 1 °C (www.vedur.is). Náttúrustofa Norðausturlands kannaði fuglalíf á hugsanlegu orkuvinnslusvæði í Gjástykki sumarið 2007. Alls sáust 5 tegundir fugla í mólendinu vestan nýja hraunsins en þær voru heiðlóa, spói, þúfutittlingur, hrafn og snjótittlingur. Allar þessar tegundir nema hrafn sýndu varpatferli á svæðinu. Varp hrafn er ekki þekkt í námunda við fyrirhugað orkuvinnslusvæði. Í Gjástykki var farið að hluta um nýja hraunið innan orkuvinnslusvæðisins en þar varð ekki vart við fugla (Þorkell Lindberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 2007). Eitt þekkt fákaóðal er í nágrenni Gjástykkis. Náttúrufræðistofnun Íslands fylgist árlega með óðalinu og er það oft í ábúð (Þorkell

Lindberg Þórarinnsson, 2007a). Fálkaóðalið er í meira en 4 km fjarlægð frá fyrirhuguðum borteig (Þorkell Lindberg Þórarinnsson, 2007b).

2.5 VEÐURFAR

Engar veðurfarsmælingar hafa verið gerðar á svæðinu. Eins og áður hefur komið fram er svæðið í 400-500 m h.y.s. eða svipað og láglandari svæði við Kröflu en liggur um 100 m hærra en jarðhitasvæðið við Þeistareyki. Sé tekið mið af veðurfarslegum aðstæðum á Þeistareykjum og við Kröflu má gera ráð fyrir að ársmeðalhiti á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Gjástykki sé nálægt frostmarki og úrkoma einhvers staðar á bilinu 500-800 mm á ári.

2.6 NÁTTÚRUVÁ

Gjástykki er á virku gosbelti þar sem hættu er á jarðfræðilegum viðburðum sem gætu valdið truflun á rekstri eða skemmdum á mannvirkjum. Kristján Sæmundsson jarðfræðingur (2006) tók saman greinargerð um hættu sem getur stafað af eldvirkni á virkjunarsvæðum, iðnaðarsvæðum og háspennulínustæðum á Norðurlandi. Í skýrslu hóps sérfræðinga sem fenginn var til þess að meta jarðvá fyrir jarðhitavirkjanir á Þeistareykjum, í Gjástykki, við Kröflu og í Bjarnarflagi á Norðausturlandi, auk línustæða háspennulína frá virkjununum að iðnaðarsvæði við Bakka, norðan Húsavíkur, kemur fram að jarðvá tengist einkum eldvirkni, jarðskjálftum og hreyfingum tengdum landreki og kvikusöfnun í jarðskorpunni. Einnig kemur fram að reynt var að meta líkleg áhrif slíkra viðburða á fyrirhugaðar virkjanir og flutningslínur og lagðar til aðgerðir til þess að draga úr áhættunni (Axel Björnsson o.fl., 2007). Greint verður frá niðurstöðum framangreindra athugana í frummatsskýrslu.

2.7 MENNINGARMINJAR

Engar fornleifar eða menningarminjar er að finna innan framkvæmdasvæðisins en helstu minjar í nágrenninu eru vörður og fornar leiðir tengdar landamerkjum og samgöngum um svæðið (Orri Vésteinsson, 2006). Samkvæmt skýrslu Ugga Ævarssonar (2007) eru sex vörður í nágrenni Gjástykkis, en engin þeirra er inni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði rannsóknaborana.

3 FRAMKVÆMD

3.1 INNGANGUR

Landsvirkjun fyrirhugar að bora allt að þrjár rannsóknaholur frá einum borteig á orkuvinnslusvæðinu í Gjástykki. Árið 2007 var boruð kjarnahola á sama svæði. Boranir munu fara fram að sumri til þegar snjóá hefur tekið upp að mestu leyti.

Aðkoma að borteig er eftir fyrirbyggjandi vegslóð sem greinist í austur frá veginum að Þeistareykjum um Hólasand. Leiðin er um 10 km löng af Þeistareykjavegi og liggur meðfram girðingu, norðan við Gæsafjöll (sjá **mynd 1** og **teikningu 1**). Umhverfisstofnun benti á slæmt ástand vegslóðar að Gjástykki eftir eftirlitsferð sumarið 2007. Eftir ferðina fór fram lagfæring og styrking á vegslóðinni þá um sumarið og 2008 að tilstuðlan Þingeyjarsveitar. Reiknað er með að halda áfram að lagfæra slóðina eftir því sem þörf krefur. Framkvæmdaraðili mun tryggja að ekki verði ekið út fyrir slóðina. Ef slóðin skemmist vegna þungaflutninga verður borið í hana og hún styrkt enn frekar.

Framkvæmd tengd rannsóknaborunum í Gjástykki, felur í sér gerð borteigs, borun og prófun á rannsóknaholum.

3.2 BORTEIGUR

Borholur verða á borteig skammt suðaustan við kjarnaholu GR-3, sem var boruð haustið 2007 (sjá **myndir 2, 3 og 4**). Borteigurinn verður norðan við vegslóðina sem liggur þar yfir slétt, ógróið helluhraun frá Kröflueldum. Á borteig þarf að útbúa stæði fyrir borinn og fylgihluti hans.

Staðsetning borteigsins er valin út frá því að hann verði sem næst miðju jarðhitasvæðisins. Þar eru taldar mestar líkur á að ná árangri. Með því að staðsetja borteiginn á sléttu og ógrónu Kröflueldahrauni er framkvæmdin talin að mestu afturkræf þar sem ekki er þörf á að raska hrauninu nema við gerð borholukjallara og auðvelt er að flytja í burtu efnið sem notað er í gerð teigsins. Ef borteigurinn er staðsettur á eldri grónari hrauni þarf fyrst að slétta hraunið með tilheyrandi gróðurskemmdum áður en efni í teiginn er flutt á staðinn. Ummerki eftir borteiginn á slíku hrauni, ef ekki yrði af frekari framkvæmdum, yrðu því mun meiri en á sléttu og ógrónu hrauni.

Flatarmál borteigs verður 3.500 til 5.500 m² eftir því hve margar holur verða boraðar. Steyptur kjallari verður byggður utan um efstu fóðringu holunnar. Eina inngripið í hraunið verður þegar fleygað verður niður úr því fyrir borholukjallaranum. Gert er ráð fyrir að byggð verði svarfþró við borteiginn með því að hlaða upp veggj sem klæddir verða með dúk. Áætluð fylliefnisþörf fyrir borteiginn er allt að 3.000 m³.

Gerð hefur verið könnun á hugsanlegum efnistökuþöðum fyrir framkvæmdina (Ómar Bjarki Smáráson, 2008). Samráð hefur verið haft við Umhverfisstofnun og Þingeyjarsveit vegna fyrirhugaðrar efnistöku sem tengist rannsóknum í Gjástykki og verður svo áfram.

Vestan við Draugagrundir, norðan við Gæsafjöll, er talið fært að vinna efni sem hentar til borteigsgerðar (Ómar Bjarki Smáráson, 2008). Fyrirhugað er að sækja burðar- og fyllingarefni fyrir borteig á fyrrgreint svæði eða úr opnum námum í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Kemur þar helst til greina efnistökusvæði vestan

Kvíhóla fjalla, en þangað hefur fyllingarefni verið sótt í borteiga á Þeistareykja-
svæðinu. Nánar verður fjallað um efnistökusvæði vegna fyrirhugaðra rannsóknab-
borana í frummatsskýrslu.


Á borteig verður aðstaða og geymslusvæði fyrir borverktaka og rannsóknaraðila.
Ekki er gert ráð fyrir gistaðstöðu. Í frummatsskýrslu verður nánari grein gerð fyrir
aðstöðu og fráveitumálum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.



Mynd 2 Fyrirhugað framkvæmdasvæði fyrir allt að 3 rannsóknaholur í Gjástykki. Staðsetning kjarnaholu GR-03 einnig sýnd.



Mynd 3 Fyrirhugað svæði undir borteig í Gjástykki. Mynd tekin til suðvesturs. Bíllinn stendur við vegslóðina og til hægri sést holutoppur kjarnaholu GR-03.



Mynd 4 Fyrirhugaður borteigur í Gjástykki. Mynd tekin frá Éthólum til austurs.

3.3 BORHOLUR

Fyrirhugaðar rannsóknaholur, allt að þrjár talsins, verða boraðar á sama borteig til að rask á landi verði sem minnst. Holurnar verða lóðréttar eða stefnuboraðar niður á 2-3 km dýpi og verða þær hannaðar eins og vinnsluholur. Borun hverrar holu tekur einn til tvo mánuði. Frá dælukari borsins liggur frárennislögn í svarfpróna og safnast í hana allt borsvarf, borleðja og steypusvarf. Úr svarfprónni verður borvatn sem ekki tapast í holunni leitt í hraunsprungur nærri borteignum. Í borlok verður svarfi í prónni ekið burtu og fargað á viðurkenndum stað.

Reiknað er með að við borun þurfi að jafnaði um 40 l/s af kælivatni sem dælt er í holuna. Kælivatni verður dælt upp og veitt um yfirborðslögn úr grunnvatnsholu í nágrenninu. Lögnin verður fjarlægð þegar borun er lokið.

3.4 PRÓFUN RANNSÓKNAHOLA

Að lokinni borun eru holurnar láttnar hitna í nokkra mánuði á meðan hiti og þrýstingur er mældur í þeim. Þannig fást upplýsingar um náttúrulegt ástand jarðhitakerfisins. Að lokum er þeim hleypt upp og þær láttnar „blása“ og afköst þeirra mæld. Einnig eru tekin sýni af jarðhitavökvanum til að meta eiginleika, þar með talið vinnsluhæfni. Á meðan blástursprófanir standa yfir er hefðbundinn blástursbúnaður með hljóðdeyfum tengdur við holurnar. Holutopparnir verða varðir með hefðbundnu kúluhúsi á meðan á rannsókn stendur. Blásturbúnaður verður fjarlægður síðar ef ekkert verður úr frekari rannsóknum. Skiljuvatni frá borholum í blæstri verður veitt í nálægar sprungur í hrauninu.

3.5 FRAMTÍÐARNÝTING

Ef rannsóknaboranir í Gjástykki leiða í ljós að um vænlegt vinnslusvæði sé að ræða er mögulegt að nýta svæðið með því að reisa þar jarðhitavirkjun og tengja fyrirhugaðar rannsóknaholur við hana. Það skal þó ítrekað að í samræmi við stefnu viðkomandi sveitarfélaga verður ekki virkjað í Gjástykki nema önnur jarðhitasvæði á Norðausturlandi gefi ekki nægjanlega orku fyrir starfsemi og atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum.

Eiginleikar jarðhitasvæðis ráða miklu um staðsetningu virkjunarmannvirkja. Einnig skiptir landfræðileg lega máli þegar litið er til flutnings á gufu, rafmagni og heitu vatni. Erfitt getur reynst að flytja vökva frá vinnsluholum upp í móti, þannig að skiljustöð verður helst að liggja lægra í landi en holurnar. Þá getur efnasamsetning jarðhitavökvans valdið því að tæknilega sé erfiðara að virkja jarðhita á sumum svæðum en öðrum. Jafnframt skiptir máli við hönnun og staðsetningu mannvirkja að virkjunin verði hagkvæm og áhrifum hennar á umhverfi verði haldið í lágmarki.

Í frummatsskýrslu um rannsóknaborun í Gjástykki verður gerð grein fyrir líklegu umfangi framkvæmdasvæðis og hugsanlegum mannvirkjum sem orkuvinnsla myndi útheimta að því marki sem það er mögulegt þar sem undirbúningur er enn á rannsóknarstigi. Í samræmi við meginmarkmið í Svæðisskipulagi háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007-2025 (Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007) er gert ráð fyrir að með samþættingu ólíkra mannvirkja, til dæmis

vega og lína eða vega og lagna, verði leitast við að halda umfangi áhrifa á umhverfið í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir.

Í frummatsskýrslu um rannsóknaboranir verður birt afstöðumynd sem sýnir afmörkun orkuvinnslusvæðis samkvæmt gildandi svæðisskipulagi, mögulega legu virkjunarvegar frá Þeistareykjavegi að Gjástykki, mannvirkjareiti fyrir helstu byggingar, svo sem stöðvarhús, kæliturna og skiljustöðvar. Einnig verða sýndar fyrstu hugmyndir að hugsanlegum borteigum, legu vega innan orkuvinnslusvæðis og lagnaleiða frá borholum að skiljustöðvum og þaðan að stöðvarhúsi. Hvorki er gert ráð fyrir að sýna útlit mannvirkja né gera grein fyrir mati á umhverfisáhrifum jarðhitavirkjunar í frummatsskýrslu.

4 SKIPULAG OG LANDNOTKUN

Fyrirhugað framkvæmdasvæði rannsóknaborunar er í Þingeyjarsveit. Í þessum kafla er greint frá stöðu skipulags á svæðinu, landnotkun og fjallað um hvort svæðið njóti verndar samkvæmt skipulagsáætlunum og lögum um náttúruvernd.

4.1 STAÐA SKIPULAGS

Í Gjástykki er í gildi svæðisskipulagsáætlun og unnið að gerð aðalskipulags. Auk þess liggur Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015 að skilgreindu orkuvinnslusvæði. Unnið er að breytingu á því með það að markmiði að opna fyrir rannsóknir á jarðvarma vegna hugsanlegrar stækkunar orkuvinnslusvæðis við Kröflu og fyrirhugaðrar orkuvinnslu í Gjástykki (Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands, 2008).

Svæðisskipulag

Svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007-2025 var staðfest af umhverfisráðherra 16. janúar 2008. Í svæðisskipulaginu er afmarkað orkuvinnslusvæði í Gjástykki og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja. Mörkuð er stefna um legu aðkomuvega og flutningslína að fyrirhuguðu orkuvinnslusvæði og gerð grein fyrir stefnu viðkomandi sveitarfélaga og umhverfisáhrifum hennar í greinargerð. Á mynd 5 má sjá uppdrátt af orkuvinnslusvæðinu í Gjástykki úr svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 (Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007).

Aðalskipulag

Unnið er að gerð aðalskipulags fyrir Þingeyjarsveit. Gert er ráð fyrir að auglýsa aðalskipulagstillöguna sumarið 2009 og að hún verði staðfest á haustmánuðum sama ár. Í aðalskipulagsáætlun mun afmörkun orkuvinnslusvæða og verndarákvæði í Gjástykki verða í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

4.2 LANDNOTKUN

Landbúnaður

Gjástykki er nýtt sem afréttur fyrir sauðfé bænda í Þingeyjarsveit.

Útivist

Lítill umferð er um Gjástykki enda er það fjarri alfaraleið. Vegslóðir sem liggja um svæðið eru einungis færar jeppum og öðrum vel útbúnum farartækjum yfir sumartímann. Ferðamenn sækja lítið inn á svæðið og ekki er um neinar skipulagðar ferðir þangað að ræða. Fáir ferðast um svæðið yfir vetrartímann. Einhver rjúpnaveiði mun vera stunduð í nágrenni Gjástykkis.

4.3 VERND

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir verndarsvæðum í nágrenninu og mati á, áhrifum framkvæmdar á þau. Fyrirhugað framkvæmd er utan svæða á náttúruminjaskrá.

Lög um náttúruvernd

Hraun sem runnið hafa eftir ísaldarlok, fyrir um 10 þúsund árum, kallast nútímahraun eða eldhraun. Eldhraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Gjástykki er að mestu þakið nútímahraunum.

Skammt sunnan við framkvæmdasvæðið eru Éthólar. Þar gætir ummerkja jarðhita á yfirborði og njóta hólarnir verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Hverfisvernd

Í svæðisskipulagi eru skilgreind hverfisverndarsvæði við fyrirhugað orkuvinnslusvæði í Gjástykki (**mynd 5**). Annars vegar HG1, Leirhnjúkshraun, utan orkuvinnslusvæðis þar sem ekki verður heimil mannvirkjagerð né jarðrask af neinu tagi. Hins vegar HG2, misgengi og sprungur, sem skulu njóta sérstakrar verndar. Innan orkuvinnslusvæðis verður heimilt að leggja vegi, pípur og reisa önnur mannvirki innan hverfisverndarsvæðis HG2 (Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007).

Fyrirhugað framkvæmdasvæði rannsóknaborana er utan svæða sem njóta hverfisverndar.

Vatnsvernd

Grunnvatnsstraumar liggja til norðurs frá Gjástykki út í Öxarfjörð (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2007). Orkuvinnslusvæðið í Gjástykki og fyrirhugaður borteigur fyrir rannsóknaholur er norðan og utan vatnasviðs Mývatns og Laxár sem skilgreint er í lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði rannsóknaborana er utan vatnsverndarsvæða. Norðan þess er vatnsverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Kelduneshrepps. (Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007).

5 UMHVERFISÁHRIF

Í þessum kafla er fjallað um aðferðafræði mats á umhverfisáhrifum rannsóknaborana í Gjástykki. Greint er frá því hvaða hlutar framkvæmdarinnar eru helst taldir hafa áhrif á umhverfið og á hvaða umhverfisþætti er lögð áhersla við mat á áhrifum. Ekki verður fjallað um umhverfisáhrif mannvirkja sem nýting jarðhita í Gjástykki myndi útheimta.

5.1 AÐFERÐAFRÆÐI OG VIÐMIÐ

Vinna við mat á umhverfisáhrifum hefst með gerð tillögu að matsáætlun. Mikilvægt er að greina eins fljótt og hægt er hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd getur haft á helstu umhverfisþætti. Einnig fer fram mat á því hvaða hlutar framkvæmdarinnar eru taldir líklegastir til að valda mestum umhverfisáhrifum og hvers eðlis þau áhrif eru. Við greiningu áhrifa er meðal annars stuðst við

- reynslu Landsvirkjunar af borun rannsóknahola og vinnsluhola.
- upplýsingar um staðhætti og umhverfi.
- ábendingar umsagnaraðila, leyfisveitenda, sérfræðinga og annarra er málið varðar.
- niðurstöðu Skipulagsstofnunar úr ákvörðunum og úrskurðum vegna rannsóknaborana við Kröflu, stækkun Kröfluvirkjunar og rannsóknaborana á vestursvæði við Kröflu.

Tillaga að matsáætlun er kynnt umsagnaraðilum og almenningi. Eftir það er hún lögð fyrir Skipulagsstofnun til ákvörðunar innan fjögurra vikna að fenginni umsögn leyfisveitenda og annarra aðila. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun er vinnu við mat á umhverfisáhrifum rannsóknaborana haldið áfram með gerð frummatsskýrslu. Telji Skipulagsstofnun að frummatsskýrslan sé í samræmi við matsáætlun og uppfylli þær kröfur sem eru gerðar auglýsir stofnunin framkvæmdina og frummatsskýrsluna. Þar með hefst opinbert kynningarferli. Að því loknu lýkur matsferli með gerð endanlegrar matsskýrslu sem lögð er fyrir Skipulagsstofnun sem gefur sitt álit á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laga nr. 106/2000 m.s.b., um mat á umhverfisáhrifum, og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Telji stofnunin að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmd skal það tilgreint og rökstutt.

Til að greina og meta áhrif rannsóknaborana á umhverfið er gerð grein fyrir framkvæmdinni og grunnástandi umhverfisins á og í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Við mat á áhrifum framkvæmdar á umhverfisþætti er stuðst við eftirfarandi viðmið:

- Lög og reglugerðir.
- Gildandi skipulagsáætlanir.
- Aðra stefnumörkun stjórnvalda.
- Sérfræðiskýrslur (sjá 8. kafla).
- Umsagnir og athugasemdir sem koma fram við samráð og kynningu.

5.2 TÍMAÁÆTLUN MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi er tímaáætlun matsferlisins:

- Nóvember 2008 – drög að tillögu að matsáætlun kynnt á netinu.
- Desember 2008 – tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun.
- Janúar 2009 – ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun.
- Mars 2009 – frummatsskýrsla til Skipulagsstofnunar.
- Maí 2009 – matsskýrsla til Skipulagsstofnunar.
- Júní 2009 – álit Skipulagsstofnunar.

Ofangreind áætlun er sett fram í samræmi við þá tímafresti sem settir eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

5.3 ÁHRIFASVÆÐI OG ÁHRIFAÞÆTTIR

Staðsetning borteigs er sýnd á **teikningu 1**. Áhrifasvæði vegna hugsanlegra áhrifa á umhverfi er næsta nágrenni borteigsins og fyrirhugað efnistökusvæði. Á **mynd 6** er sýnt hvar gerðar hafa verið náttúrufars- og fornleifarannsóknir, auk landfræðilegrar greiningar í nágrenni orkuvinnslusvæðisins í Gjástykki.

Gerð fyrirhugaðs borteigs getur valdið beinum áhrifum á umhverfið vegna rasks. Þá munu rannsóknaboranir hafa einhver áhrif á umhverfið auk þess sem vart getur orðið áhrifa vegna efnistöku í tengslum við framkvæmdirnar ef nýjir efnistökuastaðir verða opnaðir. Ekki er gert ráð fyrir öðrum áhrifaþáttum vegna rannsóknaborana.

5.4 ÁÆTLUN UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

5.4.1 ALMENNT


Í þessum kafla er greint frá því hvaða umhverfisáhrif framkvæmdin getur hugsanlega haft. Fjallað er um hvers konar umhverfisáhrifa er að vænta, hvernig fyrirhugað er að standa að matinu, hvaða gögn og rannsóknir verða nýtt og þær rannsóknir sem talið er nauðsynlegt að gera vegna matsins. Eftir því sem við á er einnig fjallað um hvar og hvenær athuganir munu fara fram, hvernig unnið verður úr gögnum til að meta umhverfisáhrifin og með hvaða hætti niðurstöðurnar verða settar fram í frummatsskýrslu.

Gerð verður grein fyrir mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á eftirfarandi umhverfisþætti sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum vegna rannsóknaborana í Gjástykki:

- Landslag
- Jarðmyndanir
- Lífríki
- Skipulag og landnotkun

Ekki er talin þörf á að meta áhrif á vatn vegna rannsóknaborana í Gjástykki. Niðurstöður eftirlits við Kröflu sýna að ekki hefur orðið vart neikvæðra umhverfisáhrifa vegna borana þar, hvorki vegna vatnsöflunar né förgunar. Um er að

ræða lítið vatnsmagn miðað við stærð grunnvatnsstraums Gjástykkissprungu-
sveimsins ($15 \text{ m}^3/\text{s}$) sem það mun renna í og með honum áfram út í Öxarfjörð
(Vatnaskil, 2008). Engin vatnsverndarsvæði eru í nágrenni Gjástykkis.



Mynd 6 Athugunarsvæði náttúrufars og fornleifarannsóknna í Gjástykki.

Ekki er þörf á að meta áhrif á menningarminjar þar sem engar fornleifar hafa fundist innan framkvæmdasvæðisins eins og fram kemur í kafla 2.7.

Að sama skapi verða ekki metin sérstaklega áhrif á samfélag þar sem um er að ræða fá tímabundin störf. Þá er ekki gert ráð fyrir breytingum á aðgengi að svæðinu til langframa þannig að áhrif á ferðamenn verða engin eða í mesta lagi tímabundin yfir sumartímann meðan á framkvæmdum stendur. Ef niðurstaða mats á umhverfis-áhrifum leiðir í ljós neikvæð áhrif verður í frummatsskýrslu gerð grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum til að draga úr umfangi þeirra. Í ljósi niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum verða í frummatsskýrslu settar fram tillögur um vöktun áhrifa ef þörf krefur.

5.4.2 LANDSLAG

Fyrirhugaður borteigur og borun rannsóknahola í Gjástykki mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins á tiltölulega afmörkuðu svæði. Gert er ráð fyrir að nota fylliefni í borteiginn sem fellur vel að dökku hrauninu til að draga úr áhrifum á landslag.

Í frummatsskýrslu verða áhrif framkvæmdarinnar á landslag greind og sett fram myndrænt. Sýnileiki verður greindur og upplýsingar settar fram á korti. Útbúnar verða myndir á ljósmyndagrunni sem sýna ásýnd umhverfisins fyrir og eftir boranir.

5.4.3 JARÐMYNDANIR

Í Gjástykki er að finna jarðmyndanir sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Um er að ræða nútímahraun og svæði þar sem yfirborðsvirkni er þekkt. Stefnt er að því að framkvæmdin valdi sem minnstu raski á hrauni og að hún raski ekki jarðhita á yfirborði. Unnin verður tillaga að hentugum efnistökuáð fyrir gerð borteigs.

Nýtt verður fyrirbyggjandi vegslóð meðfram girðingu og borteigur er fyrirhugaður á og til hliðar við slóðina, á sléttu ógrónu helluhrauni sem rann í Kröfluelum.

Kristján Sæmundsson (2008) bendir á fjögur fyrirbæri sem mætti telja til sérstakra jarðmyndana í Gjástykki. Lagt verður mat á það hvort rannsóknaboranir muni hafa áhrif á þær út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir mati á áhrifum á jarðmyndanir og afstaða borteigsins til sérstæðra jarðmyndana sýnd á uppdráttum og myndum.

5.4.4 LÍFRÍKI

Fyrirhugaður borteigur er á sléttu ógrónu helluhrauni og aðkoma að borteig verður eftir núverandi vegslóð. Talið er að framkvæmdir vegna rannsóknaborana í Gjástykki muni ekki hafa áhrif á gróður.

Mat á áhrifum á gróður mun byggjast á fyrirbyggjandi gögnum, gróðurkortum og nýlegum vettvangsathugunum Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá kafla 7).

Þekkt fálaóðal er í nágrenni Gjástykkis. Sumarið 2007 var fugla- og smádýralíf, við fyrirhugaðan borteig í Gjástykki, skoðað (Þorkell Lindberg Þórarinsson, 2007b). Sumarið 2008 var gerð könnun á lífríki hvera í Gjástykki.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir gróðurfari og dýralífi á áhrifasvæði framkvæmda á Þeistareykjum og lagt mat á hugsanleg áhrif á lífríki, byggt á fyrirliggjandi gögnum.

5.4.5 SKIPULAG OG LANDNOTKUN

Svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum var staðfest af umhverfisráðherra 16. janúar 2008 og unnið er að gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar sem nær yfir framkvæmdasvæðið. Fyrirhugaðar rannsóknaboranir verða í samræmi við þær skipulagsáætlanir.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmda á skipulag og landnotkun. Vísað er til frekari umfjöllunar um skipulag og landnotkun í kafla 4.

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

6.1 TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

Kynning og samráð við gerð tillögu að matsáætlun hefur verið í samræmi við það sem lög um mat á umhverfisáhrifum kveða á um. Auk þess hefur Skipulagsstofnun, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum verið boðið í vettvangsferð á fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þessum aðilum stóð einnig til boða að fá fund til að ræða helstu framkvæmdaþætti og umhverfisáhrif fyrirhugaðra rannsóknaborana og þáði Umhverfisstofnun það. Einnig var fundað með fulltrúum Þingeyjarsveitar og Skútu- staðahrepps, auk skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga.

Drög að matsáætlun voru aðgengileg á heimasíðum Landsvirkjunar (www.lv.is) og Mannvits hf. (www.mannvit.is) frá 8. nóvember til 26. nóvember 2008. Með birtingunni gafst almenningi kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og að koma athugasemdum á framfæri við framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun fær endanlega tillögu að matsáætlun til athugunar. Stofnunin leitar eftir umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila. Þá er almenningi einnig heimilt að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir um tillögu að matsáætlun innan tilgreins tímafrests sem stofnunin setur. Umsagnaraðilar Skipulagsstofnunar fyrir rannsóknaboranir við Kröflu eru eftirtaldir:

- Þingeyjarsveit
- Ferðamálastofa
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Orkustofnun
- Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun ber að taka ákvörðun um tillögu að matsáætlun innan fjögurra vikna frá því að tillagan berst stofnuninni.

6.2 FRUMMATSSKÝRSLA

Við gerð frummatsskýrslunnar verður áfram öllum heimilt að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum auk þess sem framkvæmdaraðili mun leita álits hjá umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun ef þörf krefur.

Á athugunartíma Skipulagsstofnunar mun frummatsskýrslan liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur, sem jafnframt er sá frestur sem almenningi gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan verður einnig aðgengileg á heimasíðum Landsvirkjunar (www.lv.is) og Mannvits hf. (www.mannvit.is). Gert er ráð fyrir að niðurstöður mats á umhverfisáhrifum og frummatsskýrsla verði kynnt á opnum kynningarfundum.

6.3 ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR

Við kynningu og yfirllestur á drögum að tillögu að matsáætlun bárust athugasemdir og ábendingar frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga. Framkvæmdaraðili þakkar fyrir þessar góðu og gagnlegu athugasemdir og ábendingar. Í **töflu 1** er efni þeirra tekið saman og viðbrögð við þeim sett fram.

Tafla 1 Athugasemdir og ábendingar við drög að tillögu að matsáætlun og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim.

Athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
<i>Skipulagsstofnun:</i>	
<ul style="list-style-type: none"> Bent er á að í kafla 1.3 komi ekki fram hvaða upplýsingar til viðbótar því sem fyrir liggur þurfi að fást eða rökstuðningur fyrir því að til þess þurfi 3 holur. 	Frekari skýringum hefur verið bætt við í kafla 1.3.
<ul style="list-style-type: none"> Vakin er athygli á orðalaginu „Gjástykki er afar gróðursnautt svæði“ og er bent á að skoða hvort þessi fullyrðing eigi við um Gjástykki almennt eða aðeins syðsta hlutann þar sem framkvæmdin er fyrirhuguð. 	Bætt hefur verið úr þessu ónákvæma orðalagi í kafla 2.4.1.
<ul style="list-style-type: none"> Bent er á að hafa kafla með stuttri umfjöllun um veðurfar, einkum snjóalaög. 	Bætt hefur verið inn kafla 2.5, um veðurfar. Ekki er fjallað um snjóalög þar sem fyrirhugaðar rannsóknaboranir munu fara fram að sumri til eins og fram kemur í kafla 3.1.
<ul style="list-style-type: none"> Bent er á að engin umfjöllun sé í kafla 3.1 um endurbætur á aðkomuleið að svæðinu eða efnistöku. 	Bætt hefur verið úr umfjöllun um endurbætur aðkomuleiðar í kafla 3.1. Í kafla 3.2 er fjallað um efnistöku og vísað til frekari umfjöllunar í frummatsskýrslu.
<ul style="list-style-type: none"> Bent er á að í kafla 5.3 sé borunar og blásturs sem áhrifaþátta ekki getið. 	Umræddir þættir tengjast sjálfum rannsóknaboruninum og hefur þeim verið bætt inn sem áhrifaþætti.
<ul style="list-style-type: none"> Bent er á að í kafla 5.4.5, um skipulag og landnotkun, megi einnig gera ráð fyrir umfjöllun um áhrif á samfélag og þá einkum ferðamenn. 	Ekki er gert ráð fyrir að meta áhrif á samfélag og ferðamenn. Rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun hefur verið bætt inn í kafla 5.4.1
<i>Umhverfisstofnun:</i>	
<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um þann möguleika að staðsetja borteig utan við hraun frá Kröflueldum og gera gróflega grein fyrir því hvernig sá borteigur myndi tengjast öðrum mannvirkjum á sambærilegan hátt og ráðgert er. Slíkur samburður myndi væntanlega leiða í ljós hvort unnt sé að forðast röskun eldhrauns sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. 	Bætt hefur verið við umfjöllun í kafla 3.2 til að rökstyðja betur val á staðsetningu fyrirhugaðs borteigs. Þar kemur m.a. fram að með þessari staðsetningu séu áhrif á gróður engin. Yrði teigurinn staðsettur á eldri og grónari hraunum ættu sér hins vegar stað gróðurskemmdir. Ljóst þykir að ómögulegt er að forðast röskun eldhrauns þar sem allt svæðið er þakið misgömlum hraunum frá nútíma.
<ul style="list-style-type: none"> Talið er að leggja beri heildstætt mat á verndargildi svæðisins sem hér um ræðir í stað þess að leggja áherslu á verndun stakra jarðmyndana án tillits til stærra samhengis. 	Að mati framkvæmdaraðila er ekki þörf á að meta verndargildi svæðisins heildstætt á þessu stigi þar sem ráðgerð umhverfisáhrif takmarkast við lítið svæði og eru að mestu leyti afturkræf.
<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstofnun telur að skoða ætti gróflega sjónræn áhrif mannvirkjagerðar á svæði sem til þessa hefur verið óbyggt í stað þess að skoða einungis áhrif eins borteigs á jarðmyndanir og landslag. Hér sé ekki verið að leggja til mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, heldur verið að leggja til að nýta sem best gögn sem hvort eð er verða lögð fram. 	Eins og segir hér að framan eru fyrirhugaðar rannsóknaboranir að mestu leyti afturkræfar og því of langt gengið að fara að meta sjónræn áhrif frekari mannvirkjagerðar á þessu stigi. Það verði gert ef mat fari fram á umhverfisáhrifum varanlegra mannvirkja síðar.

Tafla 1 (frh.)

Athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
<i>Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyinga:</i>	
<ul style="list-style-type: none"> • Þeirri spurningu er velt upp hvort um sé að ræða óþarfa takmörkun í skilgreiningu matsáætlunar þegar sagt er að rannsóknaholur verði allt að 2.500 m djúpar. 	<p>Þessu hefur verið breytt í kafla 3.3.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Talið er að umhverfisáhrif vegna lagfæringar vegslóðans verði óveruleg. Bent er á að vel lagfærð slóð muni nýtast ferðamönnum til framtíðar og að ekki myndi spilla fyrir ef útbúinn væri snyrtilega útfærður áningarstaður úr/á borplaninu ef ekki kæmi til virkjunar svæðisins. Því er talið til hagsbóta fyrir umhverfið að lagfæra vegslóðann strax þannig að umferð um hann verði sem auðveldust. 	<p>Eins og fram kemur í kafla 3.1 er gert ráð fyrir lágmarkslagfæringum á vegslóðanum. Ekki er gert ráð fyrir að slóðin nýtist til framtíðar og auki þar með ekki aðgengi ferðamanna að svæðinu til langframa. Ef vilji er fyrir því er það á valdi sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar að setja fram þá stefnu.</p> <p>Ef verður af virkjun á svæðinu er samkvæmt svæðisskipulagi fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007-2025 gert ráð fyrir annarri veglínu að svæðinu sem myndi þá einnig þjóna ferðamönnum.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Talið er mikilvægt að efnisflutningar inn á svæðið verði eins takmarkaðir og mögulegt sé. Allt nánasta umhverfi borteigsins sé hraunsvart og því æskilegt að sýnilegt fyllingarefni til sléttunar borplans og slóðagerðar verði úr hliðstæðu efni til að draga úr neikvæðum útlitsáhrifum. Það myndi hins vegar þýða að vinna þyrfti efni úr nýja hrauninu sjálfu, t.d. úr vegarstæði. 	<p>Eins og fram kemur í kafla 5.4.2 er gert ráð fyrir að nota fylliefni í borteiginn sem fellur vel að dökku hrauninu til að draga úr áhrifum á landslag. Ekki er gert ráð fyrir að vinna slíkt efni úr hrauninu sjálfu þar sem það hefði í för með sér meira rask á hrauninu en nauðsynlegt er talið.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Dregið er í efa að frágangi aðalskipulags Þingeyjarsveitar ljúki á vormánuðum 2009. 	<p>Athugasemdin er réttmæt og hefur umfjöllun þar um verið lagfærð í kafla 4.1.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Bent er á að forðast skuli röskun út fyrir borteiga og vegslóða. 	<p>Framkvæmdaraðili tekur undir þetta og mun leggja metnað sinn í að valda ekki raski utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Talið er að umhverfisáhrif á lífríki verði nánast eingöngu í formi umferðar að og frá borteig, ekki síst efnisflutningum frá jarðefnanámu. 	<p>Aukning umferðar að og frá borteig eftir núverandi vegslóð, sem er mjög fáfarin, mun ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum þar sem ekki verður farið út fyrir núverandi slóð.</p>
<i>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra:</i>	
<ul style="list-style-type: none"> • Nauðsynlegt er talið að í matsskýrslu komi fram hvers konar aðstaða verði reist á borteig fyrir starfsmenn borverktaka og rannsóknaraðila og hvernig staðið verði að fráveitumálum sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp (rotþrær). 	<p>Í kafla 3.2 hefur verið bætt inn tilvísun um að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir aðstöðu- og fráveitumálum.</p>

7 GÖGN

7.1 RANNSÓKNIR

Í tengslum við rannsóknir á jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslum og áform Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. um orkuvinnslu hafa ýmsar rannsóknir farið fram undanfarin tvö ár og aðrar eru enn í gangi (**tafla 2**). Rannsóknaniðurstöðurnar verða nýttar við matsvinnuna eftir því sem þörf krefur. Auk rannsókna sem getið er í **töflu 2** liggja fyrir ýmis gögn og heimildir sem nýtt verða við mat á umhverfisáhrifum rannsóknaborana í Gjástykki.

Tafla 2 Yfirlit yfir rannsóknir í Gjástykki 2007 til 2008.

Umhverfisþáttur	Lýsing á rannsóknum
Ferðaþjónusta og útivist	Ferðamálaþing Íslands hefur unnið úttekt á núverandi ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Viðtöl hafa verið tekin við ferðaþjónustuaðila og aðra sem eru með starfsemi á svæðinu eða í nágrenni þess vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Skýrsla liggur fyrir.
Menningarminjar	Fornleifastofnun Íslands hefur unnið að svæðisskráningu, fornleifaskráningu (deiliskráningu) og fornleifa könnun á vettvangi. Skýrsla liggur fyrir.
Hættur	Háskólinn á Akureyri, Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Veðurstofa Íslands og Íslenskar orkurannsóknir hafa unnið að mati á jarðvá fyrir virkjunarstaði á fjórum háhitasvæðum á Norðausturlandi og línustæðum háspennulína frá virkjunum að iðnaðarsvæði á Bakka við Húsavík (Axel Björnsson, verkefnisstjóri). Skýrsla liggur fyrir.
Landslag	Mannvit hf. vinnur að flokkun landslagsheilda og mat á gildi landslags. Lagt verður mat á sýnileika framkvæmdar og áhrif á landslag.
Lífriki	Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið að uppfærslu gróðurkorta auk þess sem farið var í vettvangsskoðun sumarið 2007. Skýrsla liggur fyrir. Náttúrustofa Norðausturlands hefur gert athugun á fuglalífi á orkuvinnslusvæði, aðkomu- og línuleiðum. Skýrsla liggur fyrir. Matís hefur unnið að rannsóknum á lífríki hvera sumarið 2008. Í vinnslu.
Grunnvatn	Verkfræðistofan Vatnaskil hefur unnið að endurskoðun grunnvatnslíkans af vatnsviði Jökulsár á Fjöllum, Skjálfafljóts og aðrennissvæðis Mývatns. Áhersla hefur verið lögð á nágrenni Mývatns og svæðið norðan vatnsins allt norður í Öxarfjörð. Skýrsla liggur fyrir. Hrefna Kristmannsdóttir hjá Háskólanum á Akureyri hefur unnið að rannsóknum á grunnástandi og eftirliti með áhrifum á grunnvatn. Skýrsla liggur fyrir. Þessum rannsóknum hefur verið framhaldið árið 2008. Í vinnslu.

7.2 HEIMILDIR

Eftirfarandi heimildir voru notaðar við gerð þessarar tillögu að matsáætlun.

Axel Björnsson, Kristján Sæmundsson, Freysteinn Sigmundsson, Páll Halldórsson, Jónas Ragnar Sigbjörnsson og Jónas Þór Snæbjörnsson, 2007. *Geothermal Projects in Iceland at Krafla, Bjarnarflag, Gjástykki and Theistareykir. Assessment of geohazards affecting energy production and transmission systems emphasizing structural design criteria and mitigation of risk.* Unnið fyrir Þeistareyki ehf., Landsnet hf. og Landsvirkjun.

Eric M. Myer, 2008. *Norðausturland, lokaskýrsla um gerð grunnvatnslíkans í gosbeltinu norðan við Kröflu.* Verkfræðistofan Vatnaskil. Unnið fyrir Landsvirkjun, 08-03.

Hrefna Kristmannsdóttir og Valur Klemensson, 2007. *Grunnvatnsrannsóknir á Norðausturlandi. Skilgreining á grunnástandi og tillögur um framtíðarefirlit með hugsanlegum breytingum á grunnvatnsstraumum í kjölfar vinnslu á háhitasvæðum.* Landsvirkjun. LV-2007/086.

Iðnaðarráðuneytið, 1994. *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku.* Iðnaðarráðuneytið.

Kristján Sæmundsson, 2008. *Jarðfræðin í Gjástykki.* Greinargerð ÍSOR-07239. Unnin af Íslenskum orkurannsóknnum fyrir Landsvirkjun.

Kristján Sæmundsson, 2006. *Assessing volcanic risk in North Iceland.* Unnið fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. ISOR-2006/002.

Kristján Sæmundsson og Magnús Ólafsson, 2004. *Fremrinámur og Gjástykki rannsóknir sumarið 2003.* Greinargerð ÍSOR-04096. Unnin af Íslenskum orkurannsóknnum fyrir Landsvirkjun.

Lúðvík S. Georgsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson, Magnús Ólafsson, Ómar Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað, 1989. *Skilyrði til Fiskeldis í Öxarfirði.* Orkustofnun. OS-89041/JHD-08.

Miðhálandi Íslands: Svæðisskipulag 2015. *Greinargerð unnin af Umhverfissráðuneytinu og Skipulagsstofnun.* Kópavogi, desember 1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2007. Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar. <http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>

Náttúruverndarráð, 1996. *Náttúruminjasgrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar.* Reykjavík 7. útgáfa.

Orri Vésteinsson, 2006. *Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík. FS326-06311.

Ómar Bjarki Smáráson, 2008. *Gjástykki 2007. Efnisnámur við Draugagrundir.* Greinargerð: ÓBS/08-03 unnin af Stapa Jarðfræðistofnu ehf. fyrir Landsvirkjun.

Ragna Karlsdóttir, Hjálmar Eysteinnsson, Ingvar Þór Magnússon, Knútur Árnason og Ingibjörg Kaldal, 2006. *TEM-mælingar á Þeistareykjum og í Gjástykki 2004-2006.* ISOR-2006/028.

Samvinnunefnd um Miðhálandi Íslands, 2008. *Tillaga að breytingu á staðfestu svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, í Skútustaðahreppi á norðurhluta Kröflusvæðis og suðurhluta Gjástykkis.*

Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007. *Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.* Unnið af Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., Náttúrustofu Norðausturlands og VGK-Hönnun hf. Sótt af www.teikna.is, 1. febrúar 2008.

Uggi Ævarsson, 2007. *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðvar. Krafla-Gjástykki-Þeistareykir-Bakki.* Skýrsla unnin fyrir Landsnet, Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Fornleifastofnun Íslands ses. FS366-07211. Reykjavík 2007.

Vatnaskil, 2008. *Þeistareykir, dreifing efna í grunnvatni við yfirborðsförgun skiljuvatns. Greinargerð.* Unnið fyrir Landsvirkjun og Þeistareyki ehf.

Veðurstofa Íslands. www.vedur.is

VGK-Hönnun hf., 2007. *Boreholes ÞR-7, GR-3 in northeast Iceland - Geology and Temperature Loggings.* Unnið fyrir Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

Þorkell Lindberg Þórarinsson, 2007a. *Náttúrufar og nýting fjögurra háhitasvæða á Norðausturlandi. Í: Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.* Greinargerð með tillögu, auglýst 18. september 2007. Náttúrustofa Norðausturlands.

Þorkell Lindberg Þórarinsson, 2007b. *Fugla- og smádýralíf við fyrirhugaðan borteig við Kjarnaholu GR-3 í Gjástykki.* Náttúrustofa Norðausturlands. Minnisblað, 28. nóvember 2007. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Þorkell Lindberg Þórarinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 2007. *Fuglalíf á framkvæmdasvæðum fyrirhugaðra háhitavirkjana í Þingeyjarsýslum.* Skýrsla unnin fyrir Landsnet, Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-07005.

Teikning 1 Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði rannsóknaborana í Gjástykki.



Landsvirkjun • Háaleitisbraut 68 • 103 Reykjavík
Sími: 515 9000 • Bréfasími: 515 9007 • Netfang: landsvirkjun@lv.is
Heimasíða: www.lv.is